

AUGLÝSING

67

3. ágúst

um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag fallizt á að gera þá breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að í forföllum Guðmundar Í. Guðmundssonar, ráðherra, fer Emil Jónsson, ráðherra, með þau mál, sem Guðmundi Í. Guðmundssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 3. ágúst 1956.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

68

17. ágúst

um tollheimtu og tolleftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 24. gr. laga nr. 47 7. apríl 1956, um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum, hef ákveðið að fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyting á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt:

I. KAFLI

Um tollstjórn.

1. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra. Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kaptúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum, hvers um sig. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri.

2. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar, eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð. Með reglugerð skulu og sett fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollgæzlumanna. Þeim skal gefið erindisbréf og nákvæmar reglur til að fara eftir í starfi sínu.

3. gr.

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, en fjármálaráðuneytið telur nauðsyn á að hafa tollheimtu og tolleftirlit, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Ráðuneytið gerir skrá um það, hvar tollstjórar hafa aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafa umboðsmenn, og birtir skrána í Lögbirtingablaðinu